

1857.
11. desbr.

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um bréfburðarkaup fyrir bréf þau, sem koma til Íslands frá útlöndum.¹

Í þóknanlegu bréfi 27. maí þ. á. hefir herra stiptamtmaðurinn hreift þeirri spurningu, hvernig fara eigi með bréf þau frá útlöndum, sem ætluð eru til manna á Íslandi, þegar bréfburðarkaupið fyrir þau er ógildið. Eptir að dómsmálastjórnin hefir skrifazt á við póstmálastjórnina hér í Kaupmannahöfn um þetta mál, hefir þótt hentugast, eins og póstferðum nú sem stendur er háttað á Íslandi, að haga þessu á þá leið, að bréf þau, sem póstmálastjórnin sendir til hinna þriggja umdæma á Íslandi, skal senda hlutaðeigandi amtmönnum, og að það verði falið þessum embættismönnum á hendur, að heimta bréfburðarkaupið fyrir þau og gjöra tilhlýðileg skil fyrir því.

Samkvæmt þessu verð eg því að biðja herra stiptamtmanninn að taka við bréfum þeim, sem póstmálastjórnin í Kaupmannahöfn kynni að senda til manna í umdæmi því, sem yður er trúað fyrir, og koma þeim skilvíslega til þeirra sem við eiga að taka, móti því að þeir gjaldi hið ákveðna bréfburðarkaup, og ber yður þá að gjöra tilhlýðileg skil fyrir því, og senda síðan póstmálastjórninni.

29. desbr. **26. Umburðarbréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi, um skýrteini, sem eiga að fylgja bónarbréfum um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra.**

Það hefir ástundum sýnt sig, að bónarbréf frá embættismönnum á Íslandi og ekkjum þeirra um eptirlaun er ábótavant í því, að ekki er þar rétt hermt frá embættistekjunum, eða þá að skýrteini þau vanta, sem eiga að fylgja, en af þessu leiða ónaðsynlegar og tíma eyðandi bréfaskriptir.

1) Sama dag voru bréf líks innihalds skrifuð hinum amtmönnum á Íslandi.

1857.

29. desbr.

Um leið og eg því sendi nokkur' fyrirmyndablöð til að reikna á eptirlaun embættismanna eða ekkná þeirra — en fyrirmyndablöð þessi eru merkt A og B — verð eg þarhá að biðja herra (stiptamtmanninn, amtmanninn) þegar svo ber undir, að senda hlutaðeiganda embættismanni eða embættismanns ekkju eitt af blöðum þessum til að rita í, samt að gæta þess, að allt sé í reglu og allar nauðsynlegar upplýsingar sé við, áður en þér sendið dómsmálastjórninni bónarbréfin og fyrirmyndablöðin eptir að búið er að rita í þau; en einkum ber þó að gæta þess, að tekjur embættismannsins sé tilgreindar sérílagi um hin síðustu 5 ár, og skal telja þær annaðhvort til þess tíma er hann hefir fengið laun, eða til dauðadagsins, samt að einúngis ber að telja tekjur þær, sem samkvæmt tilskipun 31. maí 1855 4. gr. verða teknar til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun. Sömuleiðis ber að gæta þess, að fyrirmyndablöðunum A og B, auk skýrteina þeirra og upplýsinga sem þörf er á; einnig ber að fylgja skírnarseðill embættismannsins og annaðhvort frumrit eða eptirrit af veitingarbréfi því, sem hann fékk þegar hann í fyrsta sinni var gjörður embættismaður með rétt á að fá eptirlaun, en fyrirmyndablaðinu B skal þarhá fylgja vitnisburðarbréf prests um hjónavígsluna, um dauða mannsins, og um að hjónabandinu ekki hafi verið slitið áður en maðurinn andaðist; en sé sókt um eptirlauna viðbót handa börnum þeim, sem ennþá ekki er búið að sjá fyrir, þá skulu einnig fylgja skírnarseðlar þeirra og ekkjunnar.
